MIÐFLOKKURINN

Bæjarráð Kópavogs

10. nóvember 2026

Tillaga um hagræðingu í ráðum Kópavogsbæjar

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkt verði að sameinast um framboðslista við endurskipan menntaráðs, skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs frá og með 1. janúar 2027.

Skipan hvers ráðs verði eftirfarandi: Sjálfstæðisflokkurinn 3 aðalfulltrúar, Framsóknarflokkurinn 1 aðalfulltrúi, Viðreisn 1 aðalfulltrúi, Samfylkingin 1 aðalfulltrúi og Miðflokkurinn 1 aðalfulltrúi. Þar með verði allir flokkar í bæjarstjórn með aðalfulltrúa og áheyrnarfulltrúar falli niður.

Greinargerð

Tillagan felur í sér hagræðingu í nefndakerfi Kópavogsbæjar án þess að draga úr aðkomu stjórnmálaflokka að störfum ráðanna. Með sameiginlegum framboðslista verði tryggt að allir flokkar í bæjarstjórn hafi aðalfulltrúa í hverju ráðanna þriggja.

Með breyttri skipan ráðanna falli áheyrnarfulltrúar niður. Það leiðir til lægri kostnaðar vegna þóknana þeirra og launatengdra gjalda.

Jafnframt má gera ráð fyrir lægri afleiddum kostnaði vegna fundarhalds, meðal annars veitinga, auk þess sem færri fundarmenn kunna að stuðla að styttri og skilvirkari fundum.

Fjárhagsleg áhrif breytingarinnar verði metin fyrir árin 2027–2030 með hliðsjón af þóknunum, launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði sem fellur niður.

Einar Jóhannes Guðnason
Bæjarfulltrúi Miðflokksins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026